

Fundargerð

36. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn rafrænt, fimmtudaginn 2. apríl 2020.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:00 og bauð fundarmenn velkomna rafrænt.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Frestanir á mótum og ársþingi FRÍ samþykkt rafrænt á milli funda í ljósi fyrirhyggju FRÍ og samkomubanns í kjölfarið. Frestanir unnar í samráði við aðildarfélög. Fundargerðir frá fundum 33, 34 og 35 samþykktar.

2. Frjálssípróttir á tímum Covid-19

Farið yfir mótaskrá, almenn umræða og tekið undir að senda út yfirlýsingu um að mótaskráin sé viðmiðunarskrá. Farið yfir æfingabúðir og annað innra starf. Rætt um þjóðaráttak í hreyfingu og erindi FRÍ til ÍSÍ um almenningsípróttir. Fjallað um breytingar og upplýsingar frá ÍSÍ, European Athletics, World Athletics og fleirum. Formaður fer yfir erfiðleika með launamál félaga og starfið almennt sbr. umræðu frá ÍSÍ. Sagt frá hvað heyrst hefur frá því hvað aðildarfélögin eru að gera. Gert grein fyrir starfinu á Vesturlandi. Formaður segir að það þurfi að veita upplýsingar sbr. lið 3.

3. Rafrænir fundir með aðildarfélögunum

Ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri boði til rafræns fundar með formönnum eða tengiliðum félaga sem halda skal í næstu viku, dymbilviku.

4. Staða verkefna á sérstökum tímum

Gert grein fyrir stöðu mála í ýmsum verkefnum sem eru í hægagangi í ljósi aðstæðna. Allir eru þó að gera sitt besta, skrifstofan að störfum og ljúka þarf undirritun ársreikninga. Rætt um hlaupaverkefnið og ímyndarmál FRÍ, allt á breiðum, en um leið sértækum grunni.

5. Fjárhagsmál

Rætt um fjárhagsáætlun og afrekssjóð m.t.t. mótahalds erlendis, úthlutanir, erfiðleika og óvissu. Rætt um að heyra í norrænum samstarfsaðilum um hvernig stöðumatið er.

6. Önnur mál

- Young Leaders Forum. Auglýst hefur verið eftir aðilum sem hafa áhuga á að vera þátttakendur frá Íslandi á vegum FRÍ.
- Sagt frá möguleika að sækja um WA útbreiðsluverkefni. Framkvæmdastjóra falið að fela afreksstjóra FRÍ ganga frá umsókninni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að Eysteinn Ari Kárasón gaf fundinum eitt sitt fyrsta rafræna bros og fundarmönnum fannst hann muni fæða allan heiminn alveg upp á nýtt.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.